

1871.
17. júní.

sem útgjörðarmönum skipsins eða þá öðrum, sem ganga í peirra stað, bar að greiða, svo sem til viðurværis skipshafnarinnar og heimfarar, og eru þannig þeim til handa borgaðir 153 rd. 13 sk. um of, sem þeir eiga að endurgjálda þeim, sem björguðu skipinu, en handa þeim eru aðeins eptir 93 rd. 48 sk. og hefir dómsmálastjórnin í vörzlum sínum ávisun til þessa fjár uppá kaupmannafélag hér í bænum.

Útaf þessu mælumst vér til, að utanríkisstjórnin láti í tē aðstoð sína til að fá þá upphæð, sem útgjörðarmönum skipsins eða öðrum, sem hlut eiga að máli, hefir verið borgað um of, endurgoldna með tilstilli frakknesku stjórnarinnar, og skal því við bætt, að þeir 93 rd. 48 sk., sem þeir einnig eiga, er björguðu skipinu, munu verða geymdir hér hjá stjórnarráðinu, þangað til gjört er út um það, að nefndir 153 rd. 13 sk. verða endurgoldnir.

23. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um höfn við Dyrhólma (Portland).

Eins og meðfylgjandi útdráttur of skjali nokkru og fylgiskjölum sýnir, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi, útaf uppástungu frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu um það, að höfn verði búin til við *Portland* (Dyrhólma) til þess að bæta hag þessarar sýslu, sökum þess að þetta fyrirtæki er mjög mikils varðandi fyrir austurhluta suðurumdæmisins, álið það æskilegt, að skipstjórnarmaðurinn á herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, rannsaki, hvernig háttar landslagi við *Portland*, og láti uppi samkvæmt því álit sitt um, hvort hægt sé að búa til þar skipalegu, sem að minnsta kosti á bezta árstíma (í júní og júlíum.) sé örugg, og hvernig þessu yrði við komið með sem minnstum kostnaði.

Útaf þessu skal það borið upp fyrir sjóliðsstjórninni, hvort ekki megi fela á hendur skipstjórnarmanninum á herskipinu, að gjöra rannsókn þá, sem getið var um, og mælumst vér til, að fá vitneskju um árangurinn af þessu, þegar þar að kemur.